

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Peningamál 2020/1



Þórarinn G. Pétursson
Aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands

Peningamál í hnotskurn



Alþjóðahorfur breytast lítið en minni hættu á stigmögnun viðskiptadeilu



Horfur á samdrætti útflutnings í ár annað árið í röð



Hægt hefur á útlánavexti og vaxtaálag á fyrirtækjalán hækkað



Hagvöxtur meiri í fyrra en áður talið en horfur á hægari bata en áður spáð



Horfur á meira og þrálátara atvinnuleysi




Verðbólga undir markmiði en þokast upp í það undir lok spátímans

Hægt hefur á heimshagvexti en vopnahlé í tollastríði

- Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum áætlaður 1,5% á Q4/2019 – var 1,9% fyrir ári og 2,7% fyrir tveimur árum
- Viðskiptadeila Bandaríkjanna og Kína hefur grafið undan heimsbúskapnum en nýlegt samkomulag dregur úr líkum á enn frekari stigmögnun: dregur úr óvissu og líkum á að hagvöxtur gefi enn frekar eftir – en vaxandi ótti vegna nýrrar veirusýkingar í Kína


Alþjóðlegur hagvöxtur¹

1. ársfj. 2015 - 4. ársfj. 2019



Bandarískir tollar á innflutning frá Kína²

Júní 2018 - janúar 2020




1. Grunnspá Seðlabankans 4. ársfj. 2019 fyrir helstu viðskiptalönd. 2. Nýir tollar Bandaríkjastjórnar á vöruinnflutning frá Kína. Fjárhæðir á mynd vísa til innflutningsverðmætis vara sem nýir tollar ná til.
 Heimildir: Thomson Reuters, Viðskiptaskrifstofa Bandaríkjanna (e. Office of the U.S. Trade Representative), Seðlabanki Íslands.

Útflutningur dregst saman og horfur versna


- Útflutningur tók að dragast saman í fyrra (aðallega snarpur samdráttur í þjónustu) ... dróst saman um 5,8% á árinu öllu (mesti samdráttur síðan 1991) og horfur á 1,4% samdrætti í ár (fyrsti útflutningssamdráttur tvö ár í röð síðan 1991-92)
- Verri horfur en í PM 19/4: hægari bati í ferðapjónustu, langvinnari framleiðsluhnökrar í áliðnaði og loðnubrestur annað árið í röð

Útflutningur vöru og þjónustu¹

1. ársfj. 2008 - 4. ársfj. 2019



Útflutningur og framlag undirliða 2015-2022²




1. Fjögurra ársfjórðunga hreyfanlegt meðaltal. Grunnspá Seðlabankans 4. ársfj. 2019. 2. Vegna keðjutengingar getur verið að summa undirliðanna sé ekki jöfn heildarútflutningi. Áútflutningur skv. skilgreiningu þjóðhagsreikninga. Ferðapjónusta er samtala á „ferðalögum“ og „farþegaflutningum með flugi“. Grunnspá Seðlabankans 2019-2022. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/4.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Dró úr hagvexti í fyrra en ekki eins mikið og spáð var


- 0,1% samdráttur mældist á Q3/2019: 3,2% vöxtur þjóðarútgjalda vó á móti neikvæðu framlagi utanríkisviðskipta
- Hagvöxtur á fyrri hluta ársins endurskoðaður í 0,4% (var 0,9% skv. fyrri tölum) og var því 0,2% á fyrstu 3 fjórðungum ársins ...
- ... hagstæðari þróun en spáð var í PM 19/4: þjóðarútgjöld drógust minna saman en útflutningur meira

Hagvöxtur og framlag undirliða¹

1. ársfj. 2018 - 3. ársfj. 2019



Þjóðhagsreikningar fyrstu þrjá ársfjórðunga 2019




1. Frávik geta verið milli samtölu undirliða og hagvaxtar vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Fjármálaleg skilyrði versna og hægir á fjárfestingu

- Vöxtur útlána til heimila hefur haldist tiltölulega stöðugur en hratt hefur dregið úr vexti útlána til fyrirtækja ...
- ... og undir lok árs hækkaði vaxtaálag á fyrirtækjalán töluvert – var um 1 pr. yfir meðaltali undanfarinna ára á Q4/2019
- Hægir á væntum bata atvinnuvegafjárfestingar sem hefur dregist saman milli ára síðasta 1½ ár


Útlán lánakerfisins¹
1. ársfj. 2013 - 4. ársfj. 2019



Vaxtaálag á útlánnum²
Janúar 2015 - desember 2019



Fjárfesting³
1. ársfj. 2008 - 4. ársfj. 2019




1. Leiðrétt fyrir endurflokkun og skuldalækkunaraðgerðum stjórnvalda. Án útlána til innlánsstofnana, fallinna fjármálafyrirtækja og hins opinbera. Fyrirtæki eru atvinnufyrirtæki og félagasamtök sem þjóna heimilum. Tölur fyrir 4. ársfj. 2019 eru áætlun Seðlabankans. 2. Mismunur á vegnum meðalvöxtum á óverðtryggðum útlánnum stóru viðskiptabankanna þriggja og meginvöxtum Seðlabankans. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur. 3. Fjögurra ársfjórðunga hreyfanlegt meðaltal. Almenn atvinnuvegafjárfesting undanskilur fjárfestingu í stóriðjutengdum iðnaði, skipum og flugvélum. Grunnspá Seðlabankans 4. ársfj. 2019.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Hagvaxtarhorfur versna enn frekar

- Meiri hagvöxtur á Q1-Q3 og vísbendingar um meiri vöxt á Q4 breyta mati fyrir síðasta ár: 0,6% hagvöxtur í stað 0,2% samdráttar
- Lakari útflutningshorfur og áhrif hækkandi vaxtaálags á fjárfestingu breyta horfum fyrir þetta og næsta ár: 0,8% hagvöxtur í ár (var 1,6%) og 2,4% 2021 (var 2,9%) ... miklar breytingar á efnahagshorfum frá því áður en röð áfalla dundu á þjóðarþúinu

Hagvöxtur og framlag undirliða 2015-2022¹



Mikilvægir áhrifaþættir breyttra horfa²



1. Grunnspá Seðlabankans 2019-2022. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/4. 2. Breyting á hagvaxtarspá milli PM 2020/1 annars vegar og PM 2019/4 og PM 2018/4 hins vegar og metin áhrif ýmissa efnahagsáfalla sem hafa orðið í millitíðinni.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Störfum fækkar og atvinnuleysi eykst

- Skv. staðgreiðsluskrá tók störfum að fækka milli ára á Q2/2019 og fækkaði þeim um 1,8% í okt. – mesta fækkun frá Q1/2010
- Atvinnuleysi hefur jafnframt aukist mikið: var 3,8% skv. VMK á Q4/2019 (upp um 1,2 pr. frá Q4/2018) og 4,1% skv. atvinnuleysissskrá (upp um 1,6 pr. frá Q4/2018)


Fjöldi starfandi fólks¹

1. ársfj. 2006 - 4. ársfj. 2019



Atvinnuleysi²

1. ársfj. 2006 - 4. ársfj. 2019




1. Fjöldi starfandi fólks skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar og fjöldi launafólks skv. staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Launafólk 16-74 ára inniheldur einnig þá sem voru í fæðingarorlofi og þá sem voru með reiknað endurgjald. Launafólk alls undanskilur þá hópa en inniheldur launafólk á öllum aldri og byggist 4. fjórðungur 2019 á mælingum fyrir október. 2. Árstíðarleiddréttar tölur. Skráð atvinnuleysi er árstíðarleiddrétt af Seðlabankanum.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

Horfur á að slaki í þjóðarbúinu verði þrálátari


- Þeim fyrirtækjum sem vilja fækka starfsfólki hefur fjölgað lítillega á ný og fyrirtækjum sem starfa við full afköst fækkar aftur ...
- ... NF-vísitalan hefur því lækkað aftur og vísbendingar eru um að lengri tíma taki fyrir þjóðarbúið að ná fullum afköstum á ný
- Talið að atvinnuleysi verði að meðaltali yfir 4% í ár og á næsta ári ... meiri framleiðsluslaki í ár en áður spáð og hverfur seinna

NF-vísitalan¹

1. ársfj. 2006 - 4. ársfj. 2019



Atvinnuleysi og framleiðsluspenna 2012-2022²



1. NF-vísitalan er fyrsti frumpáttur valinna vísbendinga um nýtingu framleiðslupátta sem er skalaður til svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik 1. Ítarlegri lýsingu má finna í rammagrein 3 í PM 2018/2. 2. Grunnspá Seðlabankans 2019-2022. Brotalínur sýna spá frá PM 2019/4.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Verðbólga komin undir markmið

- Verðbólga var yfir 3% frá nóvember 2018 og fram í september 2019 en minnkaði hratt undir lok ársins og var komin í 1,7% í janúar – ekki verið minni síðan haustið 2017 ... undirliggjandi verðbólga hefur einnig minnkað en hægar: var 2,5% í janúar
- Verðbólga samkvæmt HICP hjaðnar enn hraðar og var 0,9% í desember (grunnáhrif hækkunar flugfargjalda í des. 2018)


Verðbólga á ýmsa mælikvarða

Janúar 2014 - janúar 2020



Mæld og undirliggjandi verðbólga¹

Janúar 2014 - janúar 2020




1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV).

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguvæntingar í markmiði á flesta mælikvarða

- Verðbólguvæntingar hækkuðu nokkuð haustið 2018 eftir að hafa smám saman lækkað í markmið misserin á undan ...
- ... en hafa lækkað aftur undanfarið – hjá öllum hópum og yfir allar tímalengdir
- Verðbólguvæntingar komnar í markmið á flesta mælikvarða (og eru mest 3% á þá mælikvarða sem eru yfir markmiði)



1. Talan fyrir verðbólguþálag á 1. ársfj. 2020 er meðaltal daglegra gilda frá 2. janúar til 31. janúar 2020.


Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.

Horfur á minni verðbólgu en áður var spáð

- Verðbólga var 2,5% á Q4/2019 (spáð 2,5% í PM 19/4) ... fer í 1,9% á Q1 í ár og helst undir 2% út árið en tekur síðan smám saman að þokast upp í markmið undir lok tímabilsins – minni verðbólga en spáð í PM 19/4 enda horfur á meiri og þrálátari slaka
- Áhættumat spárinnar óbreytt frá nóvemberspánni og er líkindadreifing hennar samhverf líkt og þá


Verðbólga¹

1. ársfj. 2014 - 1. ársfj. 2023



Verðbólgu spá og óvissumat

1. ársfj. 2014 - 1. ársfj. 2023



1. Grunnspá Seðlabankans 1. ársfj. 2020 - 1. ársfj. 2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/4.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Peningamál í hnotskurn



Alþjóðahorfur breytast lítið en minni hættu á stigmögnun viðskiptadeilu



Horfur á samdrætti útflutnings í ár annað árið í röð



Hægt hefur á útlánavexti og vaxtaálag á fyrirtækjalán hækkað



Hagvöxtur meiri í fyrra en áður talið en horfur á hægari bata en áður spáð



Horfur á meira og þrálátara atvinnuleysi



Verðbólga undir markmiði en þokast upp í það undir lok spátímans



Ritið í heild



Kynning aðalhogfræðings



Power Point myndir



Myndagögn



Tóst



Skýringarmyndband bankastjóra